



Borgarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 9. janúar 2020
Mál nr. 1701426

Efni: Endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri.

Á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins Bjarna Guðmundssonar, dagsett 6. janúar 2020 en í því er lagt til að breyta endurgreiðsluhlutfallinu úr 70% í 73%. Hlutfallið hækkar þar sem forsendum um lífslíkur var breytt á árinu 2019.

Stjórn lífeyrissjóðsins samþykkti tillögu tryggingastærðfræðingsins og vísaði málinu til afgreiðslu Borgarráðs Reykjavíkurborgar í samræmi við ákvæði gr. 22.1 í samþykktum sjóðsins sem er svohljóðandi:

„Borgarsjóður og viðkomandi stofnanir sem tryggt hafa starfsmenn í sjóðnum skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekinn hundradshluta af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Borgarstjórn ákveður hundradshluta þennan til eigi skemmri tíma en til eins árs í senn að fenginni umsögn tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.“

Hjálagt er bréf tryggingastærðfræðings.

Virðingarfyllt,
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Þóra Jónsdóttir, lögmaður
Sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs Brúar Lífeyrissjóðs

2020-01-06

Gerður Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri
Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar

Umsögn um endurgreiðsluhlutfall lífeyris árið 2020

Samkvæmt 22. gr samþykktta Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar skal borgarstjórn ákveða til eigi skemmri tíma en eins ár í senn hlutfall sem borgarsjóður og viðkomandi stofnanir skulu endurgreiða sjóðnum af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið skal ákveðið að fenginni umsögn sjóðsstjórnar og tryggingastærðfræðings.

Um aðferð við útreikning á hlutfallinu segir svo í 22. grein:

“Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.”

Að því er stefnt að framlög hvers launagreiðanda, iðgjöld að viðbættum endurgreiðslum á lífeyri, standi að jafnaði undir þeim lífeyrisréttindum sem starfsmenn launagreiðandans munu njóta hjá sjóðnum. Bakábyrgð borgarsjóðs verði aðeins virk að því marki sem fjárfestingar sjóðsins hafa ekki skilað eðlilegri ávöxtun, eða ef aðrir launagreiðendur reynast ófærir um að standa við skuldbindingar sínar. Miðað verði við að sjóðurinn skuli til jafnaðar ná 3,5% ávöxtun umfram hækkun verðlags.

Endurgreiðsluhlutfallið var 70% árin 2018 og 2019. Forsendum um lífslíkur var breytt við tryggingafræðilega athugun sjóðsins sem framkvæmd var á árinu 2019, miðað við lok árs 2018, sem er nýjasta athugun sem fyrir liggur.

Miðað við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar sjóðsins í lok árs 2018 um skuldbindingar, og þær reikniforsendur sem þar eru notaðar reiknast sem endurgreiðsluhlutfall hefði að jafnaði þurft að vera 69,84%, þannig að ekki reyndi á bakábyrgð Reykjavíkurborgar. Endurgreiðsluhlutfall hefur jafnan verið reiknað út miðað við sjóðinn allan, og er þessi útreikningur einnig gerður þannig, þar sem að ekki er til sundurliðun iðgjalda fyrir ára og lífeyrisgreiðslna aðgreint fyrir b-deild og aðalsjóð. Endurgreiðslur hafa ekki verið innheimtar vegna lífeyris úr b-deild sjóðsins. Þar sem endurgreiðsla er aðeins látin ná til aðalsjóðs (Sjóðfélagar sem hafa greitt til sjóðsins fimm ár hið minnsta) þarf endurgreiðsluhlutfall þar að vera 73% til að útreiknað hlutfall náist fyrir sjóðinn allan.

Lagt er til að endurgreiðsluhlutfall verði 73% fyrir árið 2020.

Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 2. febrúar 2020

R20010166

13510

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Endurgreiðsluhlutfall lífeyris vegna LSRb árið 2020

Fyrir liggur tillaga stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar dags. 9. janúar 2020 um að endurgreiðsluhlutfall launagreiðanda á greiddum lífeyri hækki og verði 73% á árinu 2020 í samræmi við tillögu tryggingastærðfræðings sjóðsins Bjarna Guðmundssonar.

Borgarstjórn ákveður endurgreiðsluhlutfall á greiddum lífeyri fyrir eitt ár í senn samkvæmt samþykktum lífeyrissjóðsins. Endurgreiðsluhlutfallið á að tryggja að iðgjöld starfsmanna og mótframlag hvers launagreiðanda að viðbættum endurgreiðslum á greiddum lífeyri standi að jafnaði undir þeim lífeyrisréttindum sem starfsmenn launagreiðanda munu njóta úr lífeyrissjóðnum.

Breytingin tekur mið af því að forsendum um lífslíkur var breytt við tryggingafræðilega athugun sjóðsins miðað við lok árs 2018, sem er nýjast athugun sem fyrir liggur. Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar eru að endurgreiðsluhlutfallið hefði að jafnaði þurft að vera 69,84% til að ekki reyndi á bakábyrgð Reykjavíkurborgar sem er hækkun frá fyrra mat sem var 67,5%.

Fjármála- og áhættustýringarsvið mælir með samþykkt fyrirliggjandi tillögu.

Erindinu skal vísað til afgreiðslu borgarstjórnar.

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs